



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

**Samþykkt velferðarráðs um breytingu á gildistíma reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)**

Á fundi velferðarráðs þann 30. nóvember 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um breytingu á gildistíma reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA):

Lagt er til að velferðarráð samþykki breytingu á 27. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Framsóknar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikið framfaraskref var tekið í þjónustu við fólk með fötlun þegar samningum um notendastýrða persónulega þjónustu var komið á fót. Ljóst er að þjónustuformið hefur haft mikil og jákvæð áhrif á líf og störf einstaklinga sem hafa notið þjónustunnar, það hefur verið valdeflandi og aukið sjálfstæði einstaklinganna. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þessum samningum og hafa myndast biðlistar eftir þjónustunni, sem sýnir skýrt vilja fólks með fötlun um hvernig þjónustu þau vilja sem tryggja aðgengi þeirra til þátttöku í samfélaginu. Sú ákvörðun félagsmálaráðuneytisins að fjölga ekki samningum heldur greiða með samþykktum samningum sem voru í gildi í lok árs 2021 gerir það að verkum að Reykjavíkurborg mun ekki geta, vegna slæmrar fjárhagsstöðu, haldið áfram þeirri vegferð að bæta við samningum um NPA þjónustu. Er það afar vont því um er að ræða lögbundna þjónustu við fólk með fötlun.

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að tryggja að öll sem eigi rétt á NPA fái notendastýrðu persónulegu aðstoðina. Nú eru 34 manneskjur á biðlista með samþykktar umsóknir um nýja samninga hjá borginni og nauðsynlegt er að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á. Enginn á að þurfa að bíða til lengdar.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins styður tillöguna. Það er með öllu ólíðandi sú óvissa sem ríkir um framtíð NPA þjónustunnar. Ríkisstjórnin fól sveitarfélögunum framkvæmd NPA þjónustunnar en hefur þráast við að láta fjármagn fylgja. Það er ekki á það bætandi fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir að þurfa sífellt að hafa áhyggjur af framtíð þjónustunnar. Fulltrúi Flokks fólksins vonar að Alþingi muni samþykkja breytingartillögu stjórnarandstöðunnar um viðhlítandi fjármögnun NPA þjónustunnar á næsta ári, þannig að fatlað fólk geti notið þeirrar lögbundnu þjónustu sem þau eiga svo sannarlega rétt á.



Reykjavíkurborg

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar hlutist til um birtingu reglubreytingarinnar í Stjórnartíðindum.

Virðingarfyllt

Rannveig Einarsdóttir  
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga um breytingu á gildistíma reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), lögð fram á fundi velferðarráðs 30. nóvember 2022.



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Efni tillögu: *Breyting á gildistíma reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð***

Lagt er til að velferðarráð samþykki breytingu á 27. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk.

**Greinargerð:**

Reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 13. mars 2019 og á fundi borgarráðs þann 19. mars 2019.

Samkvæmt 27. gr. reglnanna tóku þær gildi þann 1. maí 2019 og eiga að gilda til 31. desember 2022. Í 1. gr. reglnanna er vísað til þess að innleiðing notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar skuli eiga sér stað á tímabilinu 2019 til 2022. Þá er vísað til þess að fjöldi samninga sem gerðir verða á innleiðingartímabilinu miðist við það fjármagn sem ríkissjóður hefur ákveðið að ráðstafa í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hlutfall af fjárhæð samninga sem sveitarfélögin gera, sbr. bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Ekki liggur fyrir hvort framangreint bráðabirgðaákvæði I í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, verði framlengt eða hvort það falli brott um næstu áramót. Velferðarsvið hefur ítrekað óskað eftir upplýsingum um hvort að ákvæðið verði framlengt en engin svör hafa borist frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu hvað það varðar. Í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018, frá apríl 2022, kemur fram að lagt sé til að innleiðingartímabil NPA verði framlengt um tvö til þrjú ár, þannig að fyrirkomulag skv. ákvæði til bráðabirgða I ná til árána 2023 og 2024 og mögulega einnig til ársins 2025. Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga einnig lagt það til að framangreint bráðabirgðaákvæði I verði framlengt.

Með vísan til þeirrar óvissu sem er uppi, þar sem ekki er ljóst hvort bráðabirgðaákvæði I verði framlengt, er lagt til að reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk verði framlengdar tímabundið til sex mánaða. Tímabundin framlenging reglnanna felur þá í sér að ekki verði rof á þjónustu hjá þeim aðilum sem fengið hafa þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar samkvæmt reglum borgarinnar. Þá veitir slík framlenging einnig færi á því að unnt verði að vinna að því að uppfæra reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk þegar í ljós er komið hvort að innleiðingartímabili sé lokið eður ei.



Falli umrætt bráðabirgðaákvæði I brott úr lögunum er nauðsynlegt að fara heildstætt yfir reglur Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk enda hefur fjöldi samninga sem Reykjavíkurborg hefur gert vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar miðast við það fjárframlag sem ríkissjóður hefur ákveðið að ráðstafa í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Sé innleiðingartímabili lokið er nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvernig Reykjavíkurborg hyggist standa að þjónustu í formi notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar fyrir fatlað fólk til frambúðar auk þess sem tryggja þarf þjónustunni fjármagn.

Núgildandi samningar við einstaklinga um notendastýrða persónulega aðstoð gilda allir til 31. desember 2022. Nauðsynlegt er að framlengja gildistíma reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónuleg aðstoð svo unnt sé að framlengja gildandi samninga.

Núgildandi 27. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk er svohljóðandi:

*27. gr.*

*Gildistaka*

*Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Reglur þessar öðlast gildi 1. maí 2019 og gilda til 31. desember 2022.*

Lagt er til að 27. gr. reglna Reykjavíkurborgar um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk verði svohljóðandi:

*27. gr.*

*Gildistaka*

*Reglur þessar eru settar með stoð í 11. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar um notendastýrða persónulega aðstoð, nr. 1250/2018, og kveða þær á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita. Reglur þessar öðluðust gildi þann 1. maí 2019 og er gildistími reglna þessa er framlengdur til 30. júní 2023.*

Veiti ríkið ekki samþykki sitt fyrir áframhaldandi greiðsluþátttöku með sama hætti verður að gera ráð fyrir því að tillagan feli í sér viðbótarkostnað, allt að 300 m.kr. á árinu 2023 sem rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs. Í fjárhagsáætlun 2023 er aðeins gert ráð fyrir kjarasamnings hækkunum en ekki er gert ráð fyrir auknum útgjöldum vegna greiðslu á hluta ríkisins, þ.e. 25% í samningum. Kostnaðaraukning Reykjavíkurborgar ef miðað verði við framlengingu til 6 mánaða yrði þá um 150 m.kr.